

Ríkisaðili	Háskóli Íslands	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Ábyrgðaraðili	Jón Atli Benediktsson, rektor		
A	Kjarnastarfsemi		
	<p>Kjarninn í starfi Háskóla Íslands er nám og kennsla tæplega 15.000 nemenda skólans, rannsóknum sem innan skólans eru unnar og virkri þátttöku hans í íslensku samfélagi og menningarlífi. Við skólann eru í boði um 400 námsleiðir á grunn-, meistara- og doktorsstigi, á fimm fræðasviðum (Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), í alls 26 deildum og nokkrum þverfræðilegum námsleiðum. Sérstaða skólans liggur m.a. í breiðu námsframboði og fjölbreyttum möguleikum nemenda hans til þverfræðilegrar nálgunar í námi. Við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis. Nemendahópurinn er fjölbreyttur, um 12% nemenda eru erlendir og þá hefur sá hópur nemenda sem þarf sérhæfðan stuðning náms- og starfsráðgjafar stækkað ár frá ári, en skólaárið 2019-2020 nutu 8,5% nemenda skólans sérhæfðrar þjónustu náms- og starfsráðgjafar. Fjölgaði þeim um 100 frá tímabilinu á undan. Nokkrar lykiltölur:</p> <ul style="list-style-type: none">• Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2020 var 14.992• Ársnemar miðað við þreyttar einingar almanaksárið 2019 voru 8.579• Miðað við námskeiðaskráningar á haustmisseri 2020 eru 6% nemenda eingöngu skráðir í fjarnám, 5% eru skráðir í bæði fjar- og staðnám og 89% eingöngu í staðnám *• Brautskráningar almanaksárið 2020 verða 2.890, þar af 74 úr doktorsnámi• Endurkomuhlutfall þeirra sem hófu nýtt grunnnám haustið 2019 er 73%, en það er hlutfall nemenda sem komu aftur á annað haustmisseri (2020) **• Innritunarhlutfall er 60% *** <p>Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum og er þar nýsköpun og hagnýting rannsókna í öndvegi. Innan skólans er fjöldi rannsóknastofnana sem margar vinna í nánnum tengslum við aðrar innlendar vísindastofnanir, fyrirtæki og stofnanir. Vísinda- og nýsköpunarstarf Háskóla</p>		

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

Íslands hefur skapað honum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi og opnað dyr að margs konar rannsóknasamstarfi. Háskólinn er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og í nánun samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, mennta- og menningarmála. Hann starfar í nánun tengslum við önnur skólastig í margs konar vísindamiðlunarverkefnum. Háskóli Íslands er í ríku alþjóðlegu samstarfi sem sést einna best á því að tæplega 80% birtinga háskólans eru í samvinnu við erlenda háskóla og vísindastofnanir. Þá hefur Háskóli Íslands gert formlega samninga við yfir 400 háskóla um allan heim sem felur í sér tækifæri fyrir nemendur til að stunda hluta af námi sínu við erlenda háskóla, öðlast alþjóðlega reynslu og skapa sér sérstöðu.

Innleiðing HÍ21 – stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2016-2021 hefur gengið vel. Unnið hefur verið að því að innleiða nær allar skilgreindar aðgerðir stefnunnar, eða 72 af 75 aðgerðum og er innleiðingu 64% aðgerða lokið. Alls hafa 127 umbótaverkefni verið unnin í tengslum við stefnuna á þessum fimm árum. Sem dæmi um árangur stefnunnar má nefna upplýsingatæknivæðingu kennslunnar og uppbyggingu upplýsingatækisviðs, uppbyggingu rannsóknainniðnaðs, sterkari kennslufræðilega sýn í starfsemi skólans, stuðning við janfrétti innan skólans og betri stjórnun og áherslu á geðheilbrigði nemenda. Við uppgjör stefnunnar kom fram að starfsfólk og stjórnendur finna mestar breytingar á kennslumálum og vilja leggja aukna áherslu á mannauðsmál og áhrif rannsókna á samfélag. Um þessar mundir er unnið að heildarstefnumótun fyrir skólann til ársins 2026.

* Fjarnemar eru ekki merktir sérstaklega hjá Háskóla Íslands heldur skrá þeir sig ýmist í fjar- eða staðnám í einstök námskeið. Fjöldi námskeiða er skilgreindur hvorki sem fjar- eða staðnám og þjónustan sniðin bæði að þörfum stað- og fjarnema. Á það til að mynda við um meirihluta námskeiða á Menntavísindasviði. Vegna C-19 eru fjölmörg námskeið kennt í fjarnámi þó þau séu skráð sem staðnám í kennsluskrá.

** Hér er endurkomuhlutfallið miðað við þá sem eru skráðir á haustmisserið núna.

*** Það er hlutfall þeirra umsókna sem bárust um nám á haustmisseri 2019 og skiluðu sér í nemendum sem samþykktir voru og staðfestu skólavist. Meðal umsóknanna er talsverður fjöldi erlenda umsókna frá einstaklingum sem ekki uppfylla inntökuskilyrði.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staða 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
	Auka gæði náms og kennslu	4	Námsánægja í grunnnámi (% ánægðra, 2. árs nemar)	Viðhorfskannanir	83%	84%	85%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A1		Brottfall fyrsta árs nema (þeir sem skila sér ekki aftur í skólann að loknu fyrsta ári)	Gögn Kennsluviðs / HÍ21	27%	25%	24%
		Fjöldi námskeiða sem HÍ býður upp á í gegnum edX	Gögn Kennsluviðs	3	4-5	3-4

Tengist markmiði málaflokks

21.1 - Auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A1.1	Innleiðing kennslustefnu – þróun kennslu og aukinn stuðningur við kennara (t.d. endurbætur á námi í samræmi við ábendingar nemenda, styrking Kennsluviðs, efling Kennslumálasjóðs, stuðningur við nýja kennara, aukinn stuðningur úr aðstoðarmannasjóði) – (stefnumótun til 2026 yfirstandandi)	2017	2023
A1.2	Nýting upplýsingatækni í kennslu, t.d. innleiðing nýs námsumsjónarkerfis og rafræns prófahalds – (stefnumótun til 2026 yfirstandandi)	2017	2023
A1.3	Tengsl náms við atvinnulíf, t.d. edX (MOOC) og Tengslatorg við atvinnulífið – (stefnumótun fyrir tímabilið 2021-2026 stendur yfir)	2017	2023

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
	Efla rannsókn- og nýsköpunarstarf sem stenst alþjóðleg gæðaviðmið	9	Staða HÍ á erlendum matslistum	Matslistarnir Times Higher Education	THE: sæti 351-400 (2020) /	301-350 /301-400	251-300/301-400

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A2			(THE) og Shanghai ranking	Shanghai: sæti 401-500 (2019)		
		Sértekjur (% af heildartekjum)	Ársreikningur 2019	33%	33%	33%
		Fjöldi forgangsréttarumsókna (fyrsta einkaleyfisumsókn lögð inn á uppfinningu) hjá Hugverkanefnd HÍ og LSH	Gögn frá Vísinda- og nýsköpunarsviði	2	3	3

Tengist markmiði málaflokks

21.2 - Styrkja rannsóknastarf og umgjörð þess

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A2.1	Átak í uppbyggingu og rekstri rannsóknainniðna (stefnumótun til 2026 yfirstandandi)	2017	2023
A2.2	Aukinn stuðningur við sókn í styrki og rekstur rannsóknaverkefna	2017	2023
A2.3	Átak í stuðningi við nýsköpun og alþjóðasamstarf (stefnumótun til 2026 yfirstandandi)	2017	2023

Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
		8,9	Hlutfall brautskráðra á vinnumarkaði sem eru í starfi	Viðhorfskannanir meðal brautskráðra	83%	85%	85%

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

A3	Tryggja tengsl við atvinnulíf og samfélag		þar sem krafa er gerð um háskólamenntun	úr HÍ (um einu ári eftir brautskráningu)			
			Aukin rannsóknaumsvif HÍ utan háskólasvæðisins talið í rannsóknastigum starfsfólks rannsóknasetra HÍ	Gögn Vísinda- og nýsköpunarsviðs	371,4	400	430
			Fjöldi nemenda sem skráðir eru í fagháskólanám	Kennslusvið	15	250	300

Tengist markmiði málaflokks

21.3 - Auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknastofnana í samfélaginu

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A3.1	Aukin tengsl við önnur skólastig, einkum stuðningur við námsval nemenda í framhaldsskólum, t.d. með námsvalshjóli		2017	Viðvarandi
A3.2	Uppbygging rannsóknasetra á landsbyggðinni, ný starfsemi í Vestmannaeyjum og á Breiðdalsvík		2017	Viðvarandi
A3.3	Fagháskólanám þróað áfram		2017	2021

B	Rekstrarþættir
	<p>Nokkrar lykiltölur um mannauð Háskóla Íslands (lykiltölur Háskóla Íslands 2020)</p> <p>Háskóli Íslands er vinnustaður ríflega 1.300 fastra starfsmanna (ársverk) sem sinna kennslu, rannsóknum, þjónustu við nemendur og rekstri og stjórnsýslu skólans. Auk þess taka sérfræðingar skólans virkan þátt í samfélagsumræðu og veita ráðgjöf til stofnana og atvinnulífs. Þá leggja um 2.500 stundakennarar (um 142 ársverk 2019) úr atvinnulífi af mörkum við kennsluna. Um 80% akademíks starfsfólks er með doktorspróf.</p> <p>Í hópi akademíks starfsfólks eru konur 45% og karlar 55%. Kynjaskiptingin í hópi annars starfsfólk skólans, þ.e. starfsfólks stjórnsýslu, aðjunkta, tæknifólks, rannsóknarfólks, þ.m.t. nemenda á launaskrá, er þannig að karlar eru 39% hópsins en konur 61%.</p> <p>Endurmenntun starfsmanna er sinnt með margvíslegum hætti, s.s. rannsóknaleyfum akademíks starfsfólks, námsleyfum annars starfsfólks ásamt margs konar þjálfun, námskeiðum og fyrirlestrum. Um 100 akademískir starfsmenn fara í rannsóknaleyfi árlega, flestir í eitt misseri og 5 starfsmenn stjórnsýslu skólans og fræðasviða nýttu sér rétt til námsleyfis 2019.</p> <p>Stjórnun</p> <p>Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun, sem hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum, sem ráðherra gerir tillögu um til að mæta útgjöldum til kennslu, rannsókna og annarra verkefna.</p> <p>Stjórnun Háskóla Íslands er falin rektor og háskólaráði sem skiptir fé milli rekstrareininga innan þess ramma sem fjárveitingar og reglur um ráðstöfun sértekna heimila og hefur eftirlit með rekstri háskólans, þar með töldu reikningshaldi, meðferð fjármuna og samstarfssamningum og hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, félögum, fyrirtækjum, sjóðum og öðrum eignum háskólans. Sameiginleg stjórnarsýsla háskólans undir forystu framkvæmdastjóra annast reikningshald háskólans í umboði rektors og háskólaráðs, þ.m.t. fyrirkomulag bókhalds, eftirlit með rekstri og uppgjöri samstarfssamninga og rannsóknastyrkja sem fela í sér meðferð fjármuna og fjárhagsskuldbindingar fyrir háskólann. Háskólaráð setur reglur fyrir háskólann eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, þar með talda reglur um gjaldtöku og ráðstöfun gjalda. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, einstakra fræðasviða og stofnana sem honum tengjast og heyra undir háskólaráð, fræðasvið eða deildir. Með rektor starfa tveir aðstoðarrektorar, aðstoðarrektor kennslu og þróunar og aðstoðarrektor vísinda og nýsköpunar.</p> <p>Meginskipulagseiningar háskólans eru fimm fræðasvið. Forseti stýrir hverju fræðasviði um sig í umboði rektors og skiptast þau í deildir sem eru grunneiningar háskólans, þar sem fram fara kennsla og rannsóknir. Deildirnar eru 26 auk þess sem boðið er upp á skipulagt þverfræðilegt nám (á meistara- og doktorsstigi) á nokkrum sviðum í samstarfi deilda þvert á fræðasvið. Forseti fræðasviðs ber ábyrgð gagnvart rektor og háskólaráði og er rektor yfirmaður</p>

hans. Forseti er yfirmaður fræðasviðsins, stýrir daglegri starfsemi og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður og ber m.a. ábyrgð á gæðum kennslu, rannsókna og þjónustu, stjórnáslu og stoðþjónustu fræðasviðsins, fjármálum og starfsmannamálum.

Sameiginlegri stjórnáslu háskólans er skipað í framkvæmda- og tæknisvið, fjármálasvið, kennslusvið, markaðs- og samskiptasvið, starfsmannasvið, upplýsingatæknisvið og vísinda- og nýsköpunarsvið. Sviðsstjórar eru fyrir hverju sviði og leiðir framkvæmdastjóri sameiginlega stjórnáslu skólans í umboði rektors. Hlutverk stjórnáslunnar er að skapa fræðasviðum, deildum, stofnunum og starfsfólki háskólans skilyrði til að vinna störf sín í samræmi við lög og reglur háskólans.

Námsumhverfi

Margvísleg þjónusta er veitt nemendum (og kennurum): Þjónustuborð, Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Skrifstofa alþjóðasamskipta, Kennslumiðstöð, tölvuþjónusta og tölvuver (og þráðlaust net í byggingum), bókasöfn og bóksala, lesrými o.fl. Félagsstofnun stúdenta rekur stúdentagarða og kaffistofur í byggingum háskólans og Stúdentaráð sinnir, auk fjölbreyttrar félagsstarfsemi, margvíslegru þjónustu við stúdentana m.a. samkvæmt samningum við háskólann. Námsumhverfi háskólans er ítarlega lýst á heimasíðu háskólans og nánar í kennsluskra sem út er gefin ár hvert.

Umfangsmikil innleiðing upplýsingatækni í kennslu hefur átt sér stað á síðustu misserum og hefur COVID hraðað þróun rafrænna kennsluhátta við skólann. Nýtt námsumsjónarkerfi var tekið í notkun á haustmisseri 2020. Kerfið býður m.a. upp á aukna möguleika í rafrænni endurgjöf, miðlun efnis og samstarf milli nemenda og kennara. Kerfið eykur einnig aðgengi fyrir bæði kennara og nemendur með sjón- og heyrnarskerðingu. Háskólinn hefur einnig innleitt rafrænt prófakerfi, Inspera, sem hefur gengið vel. Mikil aukning hefur verið í rafrænum próftökum innan Háskólans og gert er ráð fyrir að flest próf innan Háskólans verði á rafrænu formi innan nokkurra ára. Háskólinn hefur einnig eft samstarf við edX um gerð og nýtingu netnámskeiða við Háskóla Íslands sem hefur m.a. nýst í sumarskólanum og námskeiðum á haustmisseri.

Stefna skólans og lykiláætlanir

Stefna Háskóla Íslands 2016-2021 (HÍ21) „Öflugur háskóli – farsælt samfélag“ hefur verið innleidd og er nú að renna sitt skeið og hefur framkvæmd hennar og árangur verið rýndur. Skipaður hefur verið stýrihópur sem vinnur um þessar mundir að mótun heildarstefnu skólans til næstu fimm ára (2021-2026) og er ráðgert að ný stefna verði samþykkt af háskólaráði vorið 2021. Auk stefnu Háskóla Íslands er unnið eftir fjölda stefna og áætlana í hinum ýmsu málaflokkum innan skólans, s.s stefnu um gæði náms og kennslu, upplýsingastefnu, fjölskyldustefnu, sjálfbærni- og umhverfisstefnu, jafnréttisstefnu, málstefnu, stefnu gegn mismunun, viðmiðum og kröfum um gæði meistaranáms, viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms og siðareglum.

Gæðastarf innan stofnunar, með áherslu á úrvinnslu á niðurstöðum úttekta og innra eftirlits

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á skipulega tryggingu og eflingu gæða á öllum sviðum starfseminnar. Við Háskólann starfar miðlæg gæðanefnd, gæðastjóri og innri endurskoðandi. Unnið er markvisst að framkvæmd Rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla og á árunum 2011-2015 fór fram ítarlegt

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

<p>sjálfsmat allra 25 deilda og tveggja þverfræðilegra námsleiða háskólans, auk þess sem Háskóli Íslands í heild gekkst undir viðamikið sjálfsmat og ytra mat erlendra sérfræðinga 2014-2015. Var það niðurstaða ytra matsins að gæðastarf Háskóla Íslands hlaut hæstu einkunn sem gefin er skv. rammaáætluninni.</p> <p>Í gæðastarfi Háskóla Íslands er lögð áhersla á að nýta niðurstöður innra og ytra gæðamats í samræmi við gæðahringinn og í anda hugmyndafræðinnar um stöðugar umbætur. Þannig var í kjölfar fyrstu lotu rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla unnið kerfisbundið úr öllum niðurstöðum og gerð áætlun um úrbætur og framþróun. Voru niðurstöður þeirrar vinnu nýttar við mótun heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021. Ein af fimm áherslum stefnunnar er á gæðamenningu og skilvirka upplýsingatækni.</p> <p>Í gangi er önnur umferð Rammaáætlunar Gæðaráðs háskóla (QEF2) þar sem 18 deildir hafa lokið sjálfsmati. Í þessari umferð er einnig lögð áhersla á umgjörð rannsókna á fræðasviðum. Miðlægar einingar í stjórnslu hafa einnig farið í gegnum sjálfsmat. Ytra mat var upphaflega á dagskrá vorið 2020 en frestast til vors 2021 vegna COVID-19. Mun það m.a. byggjast á sjálfsmatskýrslu Háskólans sem verður erlendum sérfræðingum til hliðsjónar við úttekt á skólanum. Niðurstaða sjálfsmats og ytri rýni mun leggja grunn að næstu heildarstefnu Háskóla Íslands sem er í mótun. Í því ferli verður horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
B1	Innleiða gæðamenningu og ábyrga nýtingu fjármuna	Fjöldi miðlægra umbótaverkefna innleidd í tengslum við stefnu Háskóla Íslands	Reglubundin eftirfylgni með innleiðingu stefnu	34 af 75 aðgerðum HÍ21	72 af 75 aðgerðum HÍ21	20% aðgerða nýrrar stefnu, HÍ26
		Fjöldi aðgerðaráætlana deilda, miðlægra stjórnslueininga og fræðasviða sem hafa farið í gegnum sjálfsmat vegna QEF2	Sjálfsmatskýrslur deilda, miðlægra stjórnslueininga og fræðasviða	11 deildir og 11 miðlægar stjórnslueiningar luku sjálfsmati haustið 2019	24 deildir og 11 miðlægar stjórnslueiningar, auk 4 fræðasviða	Allar 28 deildir, 11 miðlægar stjórnslueiningar og öll 5 fræðasvið hafa lokið sjálfsmati

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2021-2023

					hafa lokið sjálfsmati	(2022). Nýr gæðahringur hefst 2024
		Fjöldi formlegra vottaðra stjórnkerfa	Greiningar ytri vottunaraðila	1 (stjórnkerfi jafnlauna)	3 (stjórnkerfi jafnlauna, upplýsinga-öryggis og öryggis á vinnustað og umhverfismála fyrir rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði)	3 (stjórnkerfi jafnlauna, upplýsinga-öryggis og öryggis á vinnustað og umhverfismála fyrir stofnunina í heild sinni)
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Innleiðing stefnu Háskóla Íslands				HÍ21 2016 / HÍ26 2021	HÍ21 2021 / HÍ26 2026
B1.2	Sjálfsmat deilda og miðlægra stjórnsýslueininga, sem og mat á umgjörð rannsókna eftir fræðasviðum (QEF2)				2017	2022
B1.3	Innleiðing stjórnkerfis gæða				2019	2023
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B2	Auka samfélagsábyrgð í starfsemi skólans	Traust almennings til HÍ (hlutfall fólks sem treystir HÍ frekar eða mjög vel)	Könnun Gallups	74%	>74%	>74%
		Hlutfall akademíks starfsfólks sem tengir rannsóknir sínar Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á heimasíðu HÍ	Greining á heimasíðu HÍ	Verkefni ekki hafið	50%	90%
		Hlutfall starfsfólks og nemenda sem ferðast oftast til og frá háskólasvæðinu á vistvænan máta (ekki einir í óvistvænum bíl)	Reglubundnar kannanir HÍ	57% starfsfólks og 60% nemenda (2017)	65%	70%
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Aukinn stuðningur við samfélagsþátttöku akademíks starfsfólks: a) stuðningur við samfélagsvirkni (fjármagn til að auka tímabundið svigrúm akademískra til að sinna samfélagsvirkni tengda rannsóknum) og b) stuðla að auknum sýnileika akademískra í formi vísindamiðlunar (rannsóknir gerðar aðgengilegri)				2019	Viðvarandi
B2.2	Starfsemi Háskóla Íslands tengd við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (upplýsingar um fræðimenn og rannsóknir gerðar aðgengilegri og tengdar Heimsmarkmiðum Sp, sem og umfangsmikilli fyrirlestraröð hleypt af stokkunum um viðfangsefni og rannsóknir í HÍ sem tengjast heimsmarkmiðunum)				2019	2023
B2.3	Loftslagsstefna HÍ innleidd með skilgreindum umhverfismarkmiðum og framkvæmdaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)				2020	Viðvarandi
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2019	Viðmið 2021	Viðmið 2023
		Jafnlaunakerfi	Launabókhald / HÍ21	Leiðréttur kynbundinn	Vottað jafnlaunakerfi.	Vottað jafnkerfi

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2021-2023

B3	Auka fjárfestingu í mannauði og aukinn stuðningur við velferð hans			launamunur (KB) 2019 var 0,8%	Leiðréttur KB verði minni en 1,5%	
	Hlutfall frekar eða mjög ánægðra starfsmanna í starfsumhverfiskönnun	Könnun á starfsumhverfi / HÍ21	80%	>80% starfsfólk ánægt í starfi	>82% starfsfólks ánægt í	
	Hlutfall starfsfólk sem býr við of mikið álag í starfi (hlutfall starfsfólks sem segist oftast eða alltaf finna fyrir streitu í starfi)	Könnun á starfsumhverfi	39%	<39%, bæta stöðuna	<34%, bæta stöðuna	
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Úrbótaáætlun í tengslum við jafnlaunakerfi HÍ				2019	2021
B3.2	Aðgerðir til að úr álagi þar á meðal heilsuár HÍ, sálfélagslegur stuðningur og áhættumat				2020	2022
B3.3	Auka samkeppnishæfni Háskóla Íslands				2020	2022

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun um aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu meginsamskiptaleiðin við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skuli lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.